



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 3. október 2024

USK24090074

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 3.10.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Elliðaárdalur - Breyting á deiliskipulagi - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. september 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. september 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, ásamt fylgiskjölum.
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verið er að ræða um breytingu á deiliskipulagi í Elliðaárdal og er þetta ágætt dæmi um slakan undirbúning verks að mati fulltrúa Flokks fólksins. Ekki er traustvekjandi að breyta þurfi hönnum þegar framkvæmdir eru hafnar. Svo vekur það sérstaka athygli að koma á fyrir ofanvatnstjörn milli stíga norðan við Breiðholtsbraut til að taka á móti yfirborðsvatni áður en það rennur út í Elliðaár. Það er gott og vel en fulltrúi Flokks fólksins telur mikilvægt að í slíkum tjörnum sé hægt að gera hólma fyrir fuglalíf. Hægt er að gera hólma fyrir sáralítinn kostnað.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík